



Áhættuþættir á líftryggingamarkaði

Fræðsluefni fyrir líftryggingamarkað vegna aðgerða
gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka

15. apríl 2019



FJÁRMÁLAEFTIRLITID
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Inngangur

Fræðsluefni þetta er hugsað sem leiðbeiningar fyrir tilkynningarskylda aðila sem starfa á líftryggingamarkaði og sæta eftirliti Fjármálaeftirlitsins í samræmi við lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Efninu er ætlað að auðvelda aðilum á þessum markaði að koma auga á áhættubætti hvað varðar peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og vera til leiðbeiningar um áhættuflokkun í starfsemi þeirra. Áhættuflokkun er grundvöllur þeirrar lagaskyldu sem kveðið er á um í 5. gr. framangreindra laga um að tilkynningarskyldir aðilar framkvæmi skriflegt áhættumat á rekstri sínum og viðskiptum.

Það skal áréttað að efni þetta telst ekki tæmandi og byggir á leiðbeiningum FATF (Financial Action Task Force) um áhættumiðað eftirlit fyrir líftryggingarfélög, eftir því sem við á.¹

Skilgreiningar

Hvað er peningabætti?

Það er kallað peningabætti þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings með broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Hér er einnig átt við það þegar einstaklingur eða lögaðili umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutningi ávinnings eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.

Hvað er frumbrot peningabættis?

Frumbrot er þau brot sem geta leitt af sér ólöglegan ávinning eða annan ágóða sem reynt er að þvætta. Frumbrot peningabættis geta verið öll brot á almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Dæmi um algeng frumbrot peningabættis eru fjársvik, fjárdráttur, skattalagabrot, fíkniefnabrot, spillingarbrot o.fl.

Þegar sami aðili fremur frumbrot og sér sjálfur um að þvætta ólöglegan ávinning er um sjálfþvætti að ræða.

Hvað er fjármögnun hryðjuverka?

Öflun fjár í þeim tilgangi eða með vitneskju um að nota eigi það til að fremja brot sem er refsivert skv. 100. gr. a – 100. gr. c almennra hegningarlaga.

¹ <http://www.fatf-gafi.org/media/fatf/documents/recommendations/pdfs/RBA-Life-Insurance.pdf>

Áhættuþættir á líftryggingamarkaði

Hvað er átt við með áhættuþáttum?

Áhættumati er ætlað að greina hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Við matið þarf að greina tiltekna *áhættuþætti*. Áhættuþættir, ýmist einir og sér eða saman, geta aukið eða dregið úr hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.

Tilkynningarskyldum aðilum er skylt samkvæmt lögum nr. 140/2018 að framkvæma skriflegt áhættumat á rekstri sínum og viðskiptum og áhættuflokkun er grundvöllur slíks mats.

Áhættuþættirnir eru ekki tæmandi taldir hér og eru settir fram í dæmaskyni.

1. Áhættuþættir tengdir viðskiptamanni og tengdum þriðju aðilum

Stækkun á viðskiptamannahóp:

- Hröð fjölgun á viðskiptamannahóp hvað varðar fjölda og fjölbreytileika eykur hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Dreifingaraðili váttrygginga skal fylgjast sérstaklega með nýjum herferðum sem miða að því að fjölga viðskiptavinum, líftryggingasamningum þar sem iðgjald er hátt og nýjum viðskiptavinum með enga viðskiptasögu hjá félaginu.

Einstaklingar sem er erfitt að vita deili á:

- Þegar erfitt er að vita deili á einstakling sem kemur fram fyrir hönd viðskiptamanns eða millifærslu, og kemur að sem þriðji aðili.
- Þetta er einstaklingur sem er:
 - ekki réttthafi
 - ekki sá sem er váttryggður
 - einstaklingur með engin sýnileg tengsl við rétthafa eða þann sem er váttryggður
 - einstaklingur sem greiðir iðgjöld samkvæmt samning en hefur engin sýnileg tengsl við váttryggingataka eða váttryggðan

Lagalegt fyrirkomulag/eignarhald er flókið og því erfitt að vita hver rétthafi líftryggingar er á bak við líftryggingartakann eða rétthafann:

- Flókið eignarhald og óljós stjórnskipan með mörg lög af skráðum hlutabréfum í nafni lögaðila eða ógagnsærra stofnana sem eru tilnefndir rétthafar að líftryggingum.

Óvenjulegar aðstæður sem tengjast viðskiptasambandinu eða greiðslu iðgjalda:

- Aðgerðir viðskiptamanns eru í ósamræmi við fyrirbyggjandi upplýsingar um viðskiptamann og tilgang viðskipta. Sem dæmi má nefna óútskýrð endurkaup eða innlausn, eða aðgerðir sem samræmast ekki hagsmunum viðskiptamanns. Einnig getur verið um að ræða eingreiðslur eða óvenjulega eða óútskýrða hækkun á iðgjöldum.

Einstaklingar í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla:

- Viðskiptasambönd þar sem váttryggingartaki, váttryggður, rétthafi eða raunverulegur eigandi er í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla. Þetta á líka við um fjölskyldumeðlimi eða nána samstarfsmenn hans.

Greiðsluleiðir:

- Ákveðnar greiðsluáferðir auka hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka meira en aðrar.
- Sem dæmi má nefna iðgjaldagreiðslur:
 - í reiðufé
 - í sýndarfé
 - á öðru nafnlausu eða órekjanlegu greiðsluformi
 - frá mismunandi bankareikningum án eðlilegra skýringa
 - frá óþekktum þriðja aðila

Uppruni fjár:

- Óútskýrðir eða grunsamlegir fjármunir sem notaðir eru í viðskiptasambandinu, t.d. háar iðgjaldagreiðslur í váttryggingatengdum fjárfestingaafurðum í nafni einstaklings með lágur tekjur án skýringar á uppruna fjármuna.

Viðskiptamenn í áhættuhópi:

- Viðskiptamenn sem eru flokkaðir sem sérstaklega áhættumiklir, t.d. sem hafa áður verið tilkynntir af líftryggingafélaginu eða váttryggingamiðlananum eða sem starfa á áhættumiklu starfssviði hvað varðar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þetta á einnig við um einstaklinga sem starfrækja góðgerðarstarfsemi og góðgerðarsamtök, seljendur eðalmálma og steina, peningastöðvar og starfsemi með mikið reiðufé.

2. Áhættuþættir tengdir vörum (afurðum) og þjónustu

Váttrygginga- og söfnunarafurðir sem tengjast áhættusömum greiðslum:

- Afurðir sem eru sérstaklega hagstæðar erlendum viðskiptavinum.
- Afurðir þar sem iðgjöld eru greidd með reiðufé.

- Afurðir þar sem iðgjald er greitt af þriðja aðila.
- Flóknar iðgjaldagreiðslur eða greiðslur/innborganir sem heimila útgreiðslur sem takmarkast ekki af fyrirfram skilgreindum atburðum (t.d. alþjóðlegar líftryggingar til handa útlendingum og eingreiðslulíftryggingar).
- Söfnunarafurðir, afurðir með háar iðgjaldagreiðslur eða sem heimila háar úttektarfjárhæðir
- Afurðir sem heimila nafnleynd eða eru auðveldlega framseljanlegar
- Afurðir sem heimila fyrirfram útgreiðslu á endurkaupsvirði
- Einfaldar afurðir með lága ávöxtunarstefnu

3. Áhættuþættir tengdir dreifileiðum

Fjarsala:

- Dreifileiðir sem bjóða ekki upp á samskipti í persónu á milli viðskiptavinar og starfsmanns og starfsmanns og milliliðs. Viðskiptavinurinn er ekki auðkenndur af opinberu stjórnvaldi eða lögbókanda (t.d. líftryggingarskírteini sem eru seld á netinu) eða án öruggra staðfestinga á auðkenningu og leiða til að draga úr hættu á auðkenningar-svindli.

Milliliðir og útvistun:

- Milliliðir og útvistun til þriðju aðila sem falla ekki undir sömu reglur um eftirlit með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og líftryggingarfélagið, eða sem ekki eru kunnugir hinum tryggða (t.d. líftryggingarskírteini sem eru seld af milliliðum í eigin rekstri eða af öðrum þriðju aðilum sem eru með lakara eftirlit í sinni starfsemi).
- Milliliðir sem stýra fjárfestingunum og greiðslum f.h. viðskiptavinar á reikningum þeirra (t.d. líftryggingarskírteini sem eru seld af milliliðum sem taka við greiðslum í reiðufé og/eða greiðslum á þeirra eigin reikninga).

4. Áhættuþættir tengdir landfræðilegri staðsetningu

- Afurðir og þjónusta sem eru á markaði eða í sölu í áhættumeiri ríkjum.
- Vátryggingartaki, vátryggður, réttthafi eða raunverulegur eigandi, skírteinishafi eða tengdir þriðju aðilar eru staðsettir í eða tengjast áhættumeiri ríkjum, eða búa í löndum sem teljast ósamvinnuþýð hvað varðar upplýsingagjöf um raunverulega eigendur.
- Milliliðir sem eru staðsettir í eða selja til áhættumeiri ríkja (t.d. milliliðir sem lúta stjórn annarra einstaklinga sem staðsettir eru í áhættumeiri ríkjum).